

Dómsorð:

Ákærði, Jökull Veigar Kjartansson, sæti varðhaldi í 15 daga. Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa. Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. janúar 1978.

Nr. 46/1977. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Helga Steingrímssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa framhaldspróf verið háð í málinu. Katrín Þorkelsdóttir lögreglumaður hefur staðfest lögregluskýrslu sína um handtöku ákærða og athuganir í sambandi við hana. Þorgrímur Skjaldarson, sem var farþegi í bifreið ákærða hinn 26. maí 1976, hefur einnig komið fyrir dóm. Kveður hann ákærða og farþegana þrjá, sem í héraðsdómi greinir, hafa neytt áfengis í Nauthólsvík. Telur vitnið ákærða þó eingöngu hafa neytt þar léttis vins, en hin hafi einnig drukkið sterkt áfengi. Hann kveður þau hafa verið komin að veitingahúsinu Klúbbnum „upp úr kl. 21.00“. Er þangað kom, hafi þau öll tekið að neyta þeirra vínfanga, sem í bílnum voru. Kveður vitnið, að drukkið hafi verið „allfast á skammri stund“. Vitnið tekur fram, að það hafi verið mjög ölvað í umrætt sinn, en telur sig þó muna rétt til atburða. Loks hefur ákærði komið að nýju fyrir dóm. Stað-

hæfir hann, að a. m. k. hálf flaska af sterku áfengi hafi verið í bilnum.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit af dómi sakadóms Reykjavíkur 14. júlí 1977, þar sem ákærða er refsað fyrir akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis hinn 22. apríl 1976 og hinn 19. júlí 1976. Fyrri brotið var talið varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. laga nr. 82/1969, en hið síðara við sömu ákvæði, þó svo, að það varðaði við 2. mgr., sbr. 3. mgr., 25. gr. umferðarlaga. Dómsátt frá 9. ágúst 1974, sbr. sakavottorð ákærða í hinum áfrýjaða dómi, var talin hafa ítrekunaráhrif á brot ákærða, en honum var öðrum þræði dæmdur hegningarauki við dóm sakadóms Reykjavíkur 23. september 1976, þ. e. hinn áfrýjaða dóm. Var refsing ákveðin 150.000 króna sekt, en vararefsing 30 daga varðhald. Þá var ákærði sviptur rétti til að öðlast ökuréttindi ævilangt. Ákærði var viðstaddur uppsögu dómsins og lýsti því þar, að hann yndi honum.

Samkvæmt gögnum máls var bifreið ákærða stödd við Stigahlið 32 kl. 2047 hinn 26. maí 1976. Bifreið hans hefur eigi verið komin að veitingahúsinu Klúbbnum fyrr en upp úr kl. 2100. Lögreglumenn komu að bifreiðinni þar kl. 2120, og segja þeir, að vél bifreiðarinnar hafi þá verið „sjóðandi heit . . .“.

Ákærði hafði því eigi langan tíma til drykkju þeirrar, sem hann telur alkóhólmagn í blóði sínu hafa gagngert stafað frá. Ákærða var tekið blóð kl. 2150 samkvæmt því, er greinir í blóðtökuvottorði.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um sakarmat, og er háttsemi ákærða þar réttilega færð til refsíákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin samkv. greindum refsíákvæðum og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðhald 15 daga. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, 40.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Helgi Steingrímsson, sæti varðhaldi 15 daga. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis ákærða og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera öröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. september 1976.

Ár 1976, fimmtudaginn 23. september, var á dómþingi saka-
dóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi
Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr.
435/1976: Ákærvaldið gegn Helga Steingrímssyni, sem tekið
var til dóms sama dag.

Málið var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu
10. ágúst 1976, gegn ákærða, „Helga Steingrímssyni, umboðs-
manni, til heimilis að Birkimel 6, Reykjavík, fæddum 13. júní
1943 hér í borg, fyrir að aka, miðvikudaginn 26. maí 1976, undir
áhrifum áfengis og án þess að hafa ökuskírteini meðferðis bif-
reiðinni R 6312 frá Nauthólsvík að veitingahúsinu Klúbbnum við
Borgartún, þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27.
gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og
1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-
leyfissviptingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærur og
refsingum sem hér segir:

- | | | |
|------|------|---|
| 1966 | 31/5 | Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. laga nr. 68/1956. Upptæk 11 stk. vínglós og sælgæti. |
| 1967 | 7/2 | Reykjavík: Dómur: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 26., 37., 46. og 49. gr. umferðarlaga. |
| 1969 | 29/1 | Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga. |
| 1974 | 9/8 | Reykjavík: Sátt, 18.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. |

gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 24/6 1974.

1974 11/6 Reykjavík: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 26., 37., 47. og 49. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 26. maí sl., kl. 2047, var tilkynnt til lögreglu um fjarskiptastöð, að grunur léki á, að ökumaður bifreiðarinnar R. 6312, sem stödd væri við Stigahlíð 32, væri undir áhrifum áfengis. Lögreglumenn fóru að svipast um eftir bifreiðinni, og kl. 2120 fundu þeir hana á bifreiðastæði við veitingahúsið Klúbbinn. Í ökumannssæti var enginn, en í bifreiðinni voru þrír menn, einn í framsæti og tveir í aftursætinu. Fjórði maðurinn stóð við vinstri afturhurð, sem var opin, og var það ákærði, Helgi Steingrímsson. Þar sem ákærði var greinilega undir áhrifum áfengis, færðu lögreglumennirnir hann og farþega ásamt bifreiðinni á lögreglustöðina að Hverfisgötu 113. Vél bifreiðarinnar R. 6312 var sjóðandi heit að sögn lögreglu, og kveikjulaslyklar stóðu í kveikjulasnum.

Ákærði var færður fyrir Reyni Kjartansson, settan varðstjóra. Kvaðst hann aðspurður hafa ekið bifreiðinni R. 6312 frá Nauthólsvík, þar sem hann hafi verið í fótabaði ásamt kunningjum sínum, sem í bifreiðinni voru, og að bifreiðastæðinu við veitingahúsið Klúbbinn. Þar kvaðst hann hafa byrjað að drekka áfengi og drukkið „heilan helling“ nokkru áður en lögreglan kom á staðinn. Ekki kvaðst ákærði hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, enda hefði hann ekki drukkið áfengi, fyrr en hann hafði stöðvað bifreiðina við Klúbbinn. Að boði varðstjóra var ákærði færður á slysadeild Borgarspítalans til töku á blóðsýni. Ákærði hafði ekki ökuskírteini sitt meðferðis.

Farþegarnir í bifreiðinni voru Guðbjörg Alda Jónsdóttir, Svavar Helgason og Þorgrímur Skjaldarson.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi ekið bifreiðinni R. 6312 út í Nauthólsvík hér í borg að kvöldi 26. maí sl. Þrír farþegar voru í bifreiðinni. Ákærði telur sig hafa haft um hálf tíma viðdvöl í Nauthólsvík. Ákærði kveðst hafa drukkið um kl. 1930 tvo sopa af Martini um 15 mínútur áður en hann lagði af stað á bifreiðinni úr Nauthólsvík. Ákærði fann ekki til áfengisáhrifa af drykkjunni. Hann kveðst ekki hafa neytt annars áfengis framan greindan dag, fyrr en hann kom að veitingahúsinu Klúbbnum, en þangað ók hann beina leið úr Nauthólsvík með viðkomu í Grensáskjöri. Farþegarnir, sem voru í bifreiðinni, höfðu áfengi

meðferðis. Voru þeir að neyta áfengis í Nauthólsvík og eins á leiðinni. Þegar að Klúbbnum kom, kveðst ákærði hafa stöðvað vél bifreiðarinnar. Eftir það hóf hann að neyta áfengis. Kveðst hann hafa drukkið í bifreiðinni um hálfa flösku af Martini og um fjórðung af Geneverflösku, að hann telur. Ákærði komst fljótt undir áfengisáhrif af drykkjunni. Ákærði hafði dvalist um 20 mínútur við Klúbbinn, að hann telur, er lögreglan kom á vettvang. Ákærði kveðst hafa ætlað inn í Klúbbinn, en þangað er gestum bannað að fara inn með áfengi, og neytti hann áfengisins í bifreiðinni af þeim sökum. Guðbjörg Alda Jónsdóttir, er var farþegi í bifreiðinni, hafði fengið lykla bifreiðarinnar afhenta hjá ákærða, og ætlaði hún að aka bifreiðinni heim frá Klúbbnum.

Vitnið Guðbjörg Alda Jónsdóttir hefur skýrt frá því, að það hafi verið í bifreiðinni R 6312 með ákærða framangreindan dag. Ók ákærði víðsvegar um borgina á bifreiðinni. Í miðborginni komu upp í bifreiðina Svavar Helgason og Þorgrímur Skjaldarson, og var haldið út í Nauthólsvík. Þeir Svavar og Þorgrímur voru með vín meðferðis og neyttu af því. Ákærði drakk einn sopa af Martini úti í Nauthólsvík, áður en hann hóf aksturinn þaðan að veitingahúsinu Klúbbnum. Vitnið varð ekki vart við, að ákærði neytti neins vins, á meðan hann var í bifreiðinni R 6312. Vitnið kveður þau ákærða og menn þá, er með þeim voru, hafa ætlað að fara í Klúbbinn. Þau höfðu dvalist í bifreiðinni um 15 mínútur frá því þau komu á staðinn þar til lögreglan kom. Vitnið hafði drukkið nokkra sopa af áfengi, en kveðst varla geta sagt, að það hafi fundið til áfengisáhrifa. Vitnið sá ákærða ekki neyta áfengis, en tekur fram, að það hafi verið að veita fólki því, sem var að fara inn í Klúbbinn, athygli. Ákærði átti ekkert vín sjálfur, en farþegarnir í bifreiðinni voru með vín og voru að neyta af því. Ákærði hafði fengið vitninu lykla bifreiðarinnar, en ætlunin var að skilja hana eftir við Klúbbinn.

Vitnið Svavar Helgason hefur skýrt frá því, að það kannist við ákærða, Helga Steingrímsson. Vitnið og Þorgrímur Skjaldarson fóru með ákærða og stúlku, sem vitnið kannast ekki við, í Stjörnu-bíó 26. maí sl. Ákærði var á bifreiðinni R 6312. Eftir bíósýninguna fóru þau út í Nauthólsvík á bifreiðinni, og ók ákærði. Þegar þangað kom, var tekið að neyta vins, og neyttu þau þess öll. Vitnið og Þorgrímur voru með tvær flöskur af Martini, en ekkert sterkt áfengi. Ákærði hafði ekkert áfengi meðferðis. Vitnið kveður ákærða hafa drukkið af áfenginu, en telur, að það hafi ekki verið mikið. Höfð var nokkur viðdvöl í Nauthólsvík, en því næst

Ók ákærði að veitingahúsinu Klúbbnum við Lækjarteig. Þegar þangað kom, voru vitnið og Þorgrímur orðnir ölvaðir. Vitnið varð ekki vart við, að ákærði neytti áfengis, eftir að staðnæmst hafði verið við veitingahúsið Klúbbinn, og telur, að það geti vart komið til greina. Um sterkt áfengi getur ekki verið að ræða, þar sem það var ekki fyrir hendi í bifreiðinni.

Alkóhólmagnið í blóðsýnishorninu, sem tekið var úr ákærða, var 1.56‰.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar, með framburðum vitna og öðrum gögnum málsins telst sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali. Hefur hann með því orðið brotlegur gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin, með því að um ítrekað brot er að ræða, 60.000 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber samkvæmt framansögðu að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dómsins.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Steingrímsson, greiði 60.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Róberts Árna Hreiðarssonar, cand. jur., kr. 20.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.